

# Aðalfundur Góðvina Háskólans á Akureyri

29. júní 2012

kl. 15:00 – 16:00

## Fundargerð

### 1. Fundur settur og skýrsla stjórnar

Dagmar Ýr Stefánsdóttir, fundarstjóri setti fundinn og því næst flutti Andrea Hjálmsdóttir, formaður Góðvina, skýrslu stjórnar og greindi þar frá helstu verkefnum félagsins frá síðasta aðalfundi. Þau voru:

- Þátttaka í ráðstefnu um þjóðfélagsfræði sem haldin var í háskólanum í apríl. Góðvinir komu að móttöku ráðstefnunnar. Þetta var hugsað sem liður í því að gera félagið sýnilegra í háskólasamfélaginu.
- Góðvinir gáfu nýjar brautskráningarskikkjur í tilefni af 25 ára afmæli háskólans. Þær þykja vel heppnaðar og voru hannaðar og saumaðar af Eðalklæðum.
- Klukkan sem var gefin háskólanum árið 2012 er komin upp í Miðborg
- Heiðursverðlaun voru afhent að venju á brautskráningu.
- Fréttabréf var gefið út og því dreift rafrænt.

### 2. Dagmar Ýr Stefánsdóttir, starfsmaður Góðvina sagði frá verkefnum sem bíða nýrrar stjórnar.

3. Steinunn Aðalbjarnardóttir gerði grein fyrir reikningum félagsins á árinu. Innheimta félagsgjalda heppnaðist ekki nógu vel árið 2011 en skýringar á því má líklega rekja til einhverra mistaka hjá bankanum. Innheimtan var á sama tíma og Byr og Íslandsbanki sameinuðust og leikur grunur á að eitthvað hafi misheppnast við útsendingu greiðsluseðla. Af þessum orsökum verða greiðsluseðlar sendir aftur á sama hóp og í fyrra til að tryggja að allir sem þá áttu að fá senda seðla hafi þess kost að ganga í félagið.

### 4. Kosningar

- Kosið var til stjórnar félagsins. Andrea Hjálmsdóttir gaf ekki kost á sér áfram sem formaður, eitt framboð barst frá Evu Björk Heiðarsdóttur og var hún kjörin formaður. Aðrir sem voru kjörnir í stjórn voru þau Eyrún Elva Marinósdóttir og Njáll Trausti Friðbertsson. Þá var Agnes Eyfjörð tilnefnd af Háskólaráði í stjórnina og tekur sæti Steinunnar Aðalbjarnardóttur sem gjaldkeri en Steinunn gaf ekki kost á sér áfram. Fyrir hönd FSHA kemur Justyna Wróblewska inn í stjórnina.
- Í varastjórn voru kjörin: Kristín Baldvinsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir og Laufey Petra Magnúsdóttir. Þá er Óskar Þór Vilhjálmsson varamaður fulltrúa HA og Leifur Guðni Grétarsson er varamaður fulltrúa FSHA.
- Fulltrúaráðið var endurkjörið en ný stjórn þarf að taka ákvörðun um hvernig best sé að virkja þetta ráð eða hvort ráðlagt væri að leggja það af.

- Skoðunarmenn reikninga voru kosin þau Auður Jónsdóttir og Ólafur Búi Gunnlaugsson.

5. Ákveðið var að hafa árgjaldið hið sama og fyrr eða 2500 kr. Seðlar verða sendir út í byrjun júlí.

6. Önnur mál

- Rætt var um bankaviðskipti félagsins. Það færðist sjálfkrafa yfir til Íslandsbanka við sameiningu þess banka og fyrrum viðskiptabanka Góðvina, Byrs. Nú er spurningin hvort félagið eigi að vera áfram í viðskiptum þar eða fara í viðskipti við Sparisjóð Höfðhverfinga. Starfsmaður félagsins mun skoða þessi mál áfram.
- Andrea Hjálmsdóttir, fráfaramaður og Steinunn Aðalbjarnardóttir, fráfaramaður gjaldkeri voru heiðraðar fyrir framlag sitt til félagsins og voru leistar út með gjöfum. Steinunn fékk nælu Góðvina en Andrea silfurhring.

Fundargerð ritaði Dagmar Ýr Stefánsdóttir